



## LITLIBAKKI- EFNISTAKA

Tillaga að matsáætlun

13.04.2021





## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

8846-001-MAT-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 24

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Skúli Björn Gunnarsson

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Snævarr Örn Georgsson

### LYKILORÐ

efnistaka, mat á umhverfisáhrifum, matsáætlun, umhverfismat, náma, Hróarstunga, Múlaping

### STAÐA SKÝRSLU

- Drög
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

### DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Litlibakki – efnistaka  
Tillaga að matsáætlun

### VERKHEITI

Litlibakki efnistaka MÁU

### VERKKAUPI

Svandís Skúladóttir

### HÖFUNDUR

Snævarr Örn Georgsson

### ÚTDRÁTTUR

Landeigandi Litlabakka áformar efnistöku á um 40 ha svæði á áreyrum Jökulsár á Dal. Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla steypuefnis og fyrsta flokks steinefnis fyrir vegklæðingar á Austurlandi. Efni hefur verið tekið um áratugaskeið á þessum efnistökuastað á grundvelli framkvæmdaleyfa frá sveitarstjórn. Til að tryggja aðgang að góðu jarðefni til næstu 25 ára þarf að stækka efnistökusvæðið.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Drög að tillögu að matsáætlun voru gerð aðgengileg á vefsíðu Eflu og auglýst í Dagskránni á Austurlandi 3. febrúar og var athugasemdafrestur gefinn frá 5. til og með 22. febrúar 2021. Öllum var frjálst að gera athugasemd við drögin en engar athugasemdir bárust. Skýrsla þessi er tillaga að matsáætlun. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, þeim valkostum sem til greina koma, umhverfispáttum sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum og hvernig framkvæmdaraðili hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum.



## ÚTGÁFUSAGA

---

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Snævarr Örn Georgsson	29.01.21	Skúli Björn Gunnarsson	10.03.20	Snævarr Örn Georgsson	15.03.20

---

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>7</b>
<b>1.1</b>	<b>Almennt</b>	<b>7</b>
<b>1.2</b>	<b>Mat á umhverfisáhrifum</b>	<b>8</b>
1.2.1	Matskylda framkvæmdar	8
1.2.2	Umsjón með mati á umhverfisáhrifum	8
1.2.3	Tillaga að matsáætlun	8
1.2.4	Yfirlit yfir matsferlið	8
1.2.5	Tímaáætlanir framkvæmdar og matsferlis	9
<b>2</b>	<b>FRAMKVÆMDALÝSING</b>	<b>10</b>
<b>2.1</b>	<b>Tilgangur og markmið</b>	<b>10</b>
<b>2.2</b>	<b>Framkvæmd</b>	<b>11</b>
2.2.1	Tilhögun efnistöku	12
2.2.2	Mannaflí og tækjakostur	12
2.2.3	Akstur efnis og aðkoma	12
<b>2.3</b>	<b>Valkostir</b>	<b>12</b>
2.3.1	Aðalvalkostur	12
2.3.2	Aðrir valkostir	12
2.3.3	Núllkostur	13
<b>3</b>	<b>FRAMKVÆMDASVÆÐI OG SKIPULAGSÁÆTLANIR</b>	<b>14</b>
<b>3.1</b>	<b>Staðsetning og staðhættir</b>	<b>14</b>
<b>3.2</b>	<b>Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir</b>	<b>16</b>
3.2.1	Svæðisskipulag	16
3.2.2	Aðalskipulag	16
3.2.3	Deiliskipulag	16
<b>3.3</b>	<b>Eignarhald</b>	<b>16</b>
<b>3.4</b>	<b>Leyfi sem framkvæmdin er háð</b>	<b>17</b>
<b>4</b>	<b>MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM</b>	<b>18</b>
<b>4.1</b>	<b>Tilgangur mats á umhverfisáhrifum</b>	<b>18</b>
<b>4.2</b>	<b>Framkvæmdaþættir sem hafa áhrif á umhverfið</b>	<b>18</b>
4.2.1	Jarðrask af völdum efnistöku	18
4.2.2	Verkþættir á framkvæmdatíma og umferð á rekstrartíma	19
<b>4.3</b>	<b>Afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdar</b>	<b>19</b>
<b>4.4</b>	<b>Umhverfisþættir sem fjallað verður um í frummatsskýrslu</b>	<b>19</b>
4.4.1	Almennt	19
4.4.2	Gróður	20
4.4.3	Fuglalíf	21
4.4.4	Fiskistofnar og lífríki ár	21
4.4.5	Jarðmyndanir	21
4.4.6	Landslag og ásýnd	21
<b>5</b>	<b>KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>23</b>
<b>5.1</b>	<b>Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun</b>	<b>23</b>

5.2	Kynning á tillögu að matsáætlun	23
5.3	Kynning á frummatsskýrslu	23
6	HEIMILDASKRÁ	24

## MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Afstöðumynd sem sýnir staðsetningu Litlabakkanámu með rauðum punkti.	7
MYND 1.2	Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.	9
MYND 2.1	Mynd sem sýnir efnistökusvæðið. Hvítar línur afmarka núverandi svæði en blá punktalína sýnir fyrirhugað svæði. Grunnmynd fengin úr kortasjá Landmælinga Íslands.	11
MYND 3.1	Horft yfir fyrirhugað efnistökusvæðis sem er afmarkað með blárri punktalínu. Núverandi efnistökusvæði sést niðri til hægri. Kvíslin fyrir miðri mynd er þurr stærstan hluta ársins en í vorflóðum og þegar Kárahnjúkastífla fer á yfirfall rennur um hana vatn. Ljósmynd: Skúli Björn.	15
MYND 3.2	Gróðurþekjan á þeim hlutum efnistökusvæðisins sem hér eru merktir sem A og B er ólík. Á A-hlutanum hefur sáðgresi uppgræðsluverkefni Landsvirkjunar náð lítilli rótfestu sökum árlegs yfirfalls sem kaffærir og ryður burtu nýgræðingi. B-hlutinn er eldri eyri þar sem fram fór efnistaka á árunum 1980-1990. Hún er að nokkru leyti gróin og myndast hefur þunnur jarðvegur ofan á mölinni sem lággróður hefur náð rótfestu í og dæmi eru um að víðir og birki hafi sáð sér þarna. Ljósmynd: Skúli Björn.	15
MYND 3.3	Mynd úr aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs. Litlabakkanáma auðkennd sem E54.	16
MYND 4.1	Eyrarnar við Litlabakka (svartur hringur) hafa gróið upp	20

## 1 INNGANGUR

### 1.1 Almennt

Í þessari skýrslu er sett fram tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna áframhaldandi efnistöku úr áreyrum í landi Litlabakka í Múlaþingi. Náman er staðsett í gömlum farvegi Jökulsár á Dal um 2 km sunnan við býlið Litlabakka í Hróarstungu. Efnistaka hefur verið á þessu svæði um áratugaskeið, allt frá 1980, en var háð vatnsrennsli Jökulsár á Dal fram að Kárahnjúkavirkjun. Áætlað er að á þeim 40 árum sem að náman hefur verið í notkun hafi verið teknir um 300.000 m<sup>3</sup>. Stór hluti þeirra var tekinn á tíma þegar Jökla fyllti eyrina jafnóðum af framburði. Landeigandi hefur gert tímabundna samninga við verktaka um efnisvinnslu allt frá 2005 og sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélags til samræmis við gildandi skipulag. Síðasta framkvæmdaleyfi var gefið út í júní 2012 fyrir efnistöku allt að 50.000 m<sup>3</sup> og hafa tveir verktakar unnið efni á svæðinu síðustu ár. Efnistaka hefur verið mismikil milli ára en útlit er fyrir að hún vaxi á næstu árum og geti orðið allt að 10.000 m<sup>3</sup> á ári. Af þeim sökum þarf að gera umhverfismat fyrir efnistökusvæði miðað við að vinna allt að 250.000 m<sup>3</sup> á næstu 25 árum, m.v. 2 m vinnsludýpt að meðaltali. Heildarflatarmál efnistökusvæðisins er um 40 ha á gróðursnauðum áreyrum. Inni í þeirri tölu er sá hluti sem þegar hefur raskast vegna fyrri efnistöku sem er um fjórðungur svæðisins, ca. 10 ha.



MYND 1.1 Afstöðumynd sem sýnir staðsetningu Litlabakkanámu með rauðum punkti.

## 1.2 Mat á umhverfisáhrifum

### 1.2.1 Matskylda framkvæmdar

Matið er unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Um er að ræða viðbót við núverandi efnistöku á svæðinu sem nemur 250.000 m<sup>3</sup> og er á svæði sem er stærra en 5 ha. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fellur framkvæmdin því undir flokk A, þ.e. framkvæmd sem ávallt er háð umhverfismati, með vísan til töluliða 2.01 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

### 1.2.2 Umsjón með mati á umhverfisáhrifum

Framkvæmdaaðili umhverfismatsins er landeigandi, Svandís Skúladóttir. Umsjón með matsvinnu er í höndum EFLU verkfræðistofu. Verkefnastjórn matsvinnunnar annast Snævarr Örn Georgsson fyrir hönd EFLU verkfræðistofu og Skúli Björn Gunnarsson fyrir hönd framkvæmdaraðila.

### 1.2.3 Tillaga að matsáætlun


Tillaga að matsáætlun er verkáætlun fyrir fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, framkvæmda- og áhrifasvæði hennar ásamt þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum. Í matsáætlun er því jafnframt lýst hvernig staðið verður að rannsóknum og mati á áhrifum.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaaðili leita samráðs eins snemma og kostur er og kynna umsagnaraðilum og almenningi tillögu að matsáætlun.

### 1.2.4 Yfirlit yfir matsferlið

Aðferðin sem beitt er við mat á umhverfisáhrifum er í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015. Mynd 1.2 sýnir yfirlit yfir matsferlið. Nánari upplýsingar um matsferlið má finna á vef Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).





**MYND 1.2** Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

### 1.2.5 Tímaáætlanir framkvæmdar og matsferlis

Áætlað er að senda tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar snemma á árinu 2021. Stefnt er að því að frummatsskýrsla sé send inn til meðferðar Skipulagsstofnunar með vorinu og að álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu geti legið fyrir haustið 2021.

## 2 FRAMKVÆMDALÝSING

### 2.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja aðstöðu til efnisöflunar á fyrsta flokks steinefni fyrir framkvæmdir á Austurlandi til næstu 25 ára, s.s. til framleiðslu á steinsteypu og í vegklæðingar af ýmsum gerðum. Efnið sem unnið er í námunni er ferskt og þétt basalt, slitsterkt og frostþolið steinefni í 1. flokki og kornalögun góð með réttum vinnsluaðferðum. Mikilvægt er að hafa aðgang að slíku gæðafni úr efnistöðuvæði á mið-Austurlandi og í grennd við stærsta þéttbýlið á Egilsstöðum, bæði vegna mikils kostnaðar við efnisflutninga um langar vegalengdir og mengunarsjónarmiða. Því er ætlunin að vinna allt að 250.000 m<sup>3</sup> úr námunni á næstu 25 árum. Sambærilegt gæðafni í vinnanlegu magni er ekki að finna nær þéttbýlinu á Egilsstöðum né niðri á fjörðum.

Í skýrslu Vegagerðarinnar, *Úttektir á klæðingum á Suður- og Austurlandi í maí 2020*, sem gefin var út í júní 2020, segir m.a. eftirfarandi [1] (undirstrikun og feitletrun er gerð af höfundi þessarar skýrslu):

- *Steinefnið sem notað var í þessar klæðingar var 8/16 mm frá Litla Bakka, en það er ferskt og þétt basalt að mestu og tiltölulega slitsterkt steinefni.*
- *Þetta 8/16 mm steinefni frá Litla Bakka virðist þola þá nagladekkjaumferð sem þarna fer um nokkuð vel þessa þrjá vetur, en klæðingin er hvergi sjáanlega slitin í gegn í hjólförum. Þvert á móti eru hjólförin að heita óskemmd allan kaflann*
- *Klæðingarnar frá árinu 2019 sem metnar voru um vorið 2020 og fjallað er um hér að framan eiga það sammerkt að vera með steinefni frá námunni Litla Bakka við Jökulsá á Brú, ýmist 11/16 mm eða 8/11 mm að stærð. Þær eru allar að mestu leyti í fínu lagi, fyrir utan mismikið skrap vegna vetrarviðhalds, en hvergi mjög mikið. **Það má að öllum líkindum halda því fram að steinefnið frá Litla Bakka sé nægilega gott og slitsterkt til að þola þá vetrarumferð sem er á þessu svæði. Hugsanlega getur það borgað sig til lengri tíma litið að flytja það um umtalsverðar vegalengdir til staða, þar sem hörquill er á góðu og slitsterku steinefni.***
- *Ef litið er til niðurstaðna prófana á þeim steinefnum sem notuð voru í klæðingar á Austurlandi 2019 liggja nokkrar nýlegar niðurstöður fyrir í rannsóknakerfi Vegagerðarinnar um steinefnið frá Litla Bakka, frá árunum 2014 til 2017. Stærðarflokkar virðast innan marka, svo og fínefnamagn, en reyndar benda kornakúrfur frá 2014 og 2015 til að nokkuð mikið sé af undirstærðum í 8/11 mm efninu. Berggreiningar koma vel úr með um og yfir 75% í 1.*

*gæðaflokki og kleyfnistuðull er góður, undir 10% kleyfið efni. Viðloðun í raunblönduprófi mælist 99 til 100%, en ekki er mæling á brothlutfalli í kerfinu. Sjónrænt mat á útlögðu efni í klæðingum við úttekt vorið 2020 bendir þó til að efnið sé að meirihluta brotið. **Þetta steinefni sem er að langmestu leyti ferskt og þétt basalt hefur margsannað sig sem mjög gott steinefni í klæðingar.***

Óhætt er því að halda því fram að efnið í Litlubakkanámu hafi mikilvægu hlutverki að gegna í vegagerð á mið-Austurlandi.

## 2.2 Framkvæmd

Núverandi námusvæði með framkvæmdaleyfi er um 3 ha að stærð en raskað svæði vegna efnistöku þar í kring síðustu áratugi er um 10 ha. Gert er ráð fyrir að vinnslusvæðið sem unnið verði á næstu árin sé um 40 ha að flatarmáli þar sem vinnsludýpt er að meðaltali ekki meira en 2 m. Það svæði sem lagt er fram til skoðunar í mati á umhverfisáhrifum til áframhaldandi efnisvinnslu, ásamt því svæði sem þegar hefur verið unnið á, er afmarkað á mynd 2.1.

Í frummatsskýrslunni veður sett fram áætlun um vinnslu í námuni þar sem fjallað verður um afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun, aðstöðu verktaka og frágangsáætlun.



**MYND 2.1** Mynd sem sýnir efnistökusvæðið. Hvítar línur afmarka núverandi svæði en blá punktalína sýnir fyrirhugað svæði. Grunnmynd fengin úr kortasjá Landmælinga Íslands.

### 2.2.1 Tilhögun efnistöku

Efnistakan felst í uppmokstri á mól úr eyrunum með skurðgröfu. Efnið er síðan flokkað og unnið á staðnum með hörpun og grjótmulningsvélum. Mestur hluti er lageraður á tilheyrandi haugsvæðum en hluti fluttur annað til frekari vinnslu. Einungis verður í mesta lagi grafið 2 m niður þar sem stutt er í grunnvatn. Efnistakan er öll í höndum þeirra verktaka sem samið er við hverju sinni, landeigandi (framkvæmdaraðili umhverfismatsins) á engar vinnuvélar sjálfur.

### 2.2.2 Mannafli og tækjakostur

Efnistaka er í höndum og á ábyrgð þeirra verktaka sem samið er við hverju sinni sem þurfa að vera með gild starfsleyfi fyrir starfseminni. Mismunandi er eftir árstíma og efnistöku hvaða tæki eru á svæðinu og hve margir vinna þar. Að jafnaði er um að ræða 1-2 skurðgröfur, 1-2 hjólaskóflur, hörpunarvélar með færriböndum og vörubíla sem koma og fara. Ekki er um stöðuga viðveru starfsmanna að ræða og því er engin starfsmannaaðstaða eða aðrir íverustaðir á svæðinu. Einstaka sinnum hafa verktakar komið með færanlegan kaffiskúr þegar verkefni krefjast meiri viðveru.

### 2.2.3 Akstur efnis og aðkoma

Aðkoma að námunni er um aðkomuveg frá Hróarstunguvegi (nr. 925). Hróarstunguvegur tengist inn á hringveginn (nr. 1) skammt austan við brúna yfir Jökulsá á Dal, neðan við Heiðarenda. Má leiða líkur að því að mikill meirihluti efnisflutninga frá námunni muni fara um þessa leið til Egilsstaða. Samkvæmt Vegagerðinni er árdagssumferð á vegi nr. 925 að meðaltali 74 bílar á sólarhring [2].

## 2.3 Valkostir

### 2.3.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur felur í sér að halda áfram efnistöku á eldri svæðum en hefja einnig efnistöku á nýju svæði norðan og vestan við núverandi svæði. Efnið í áreyrunum er misjafnt og því getur orðið að leita að besta efninu fyrir hvert verk. Útlínur þessa svæðis má sjá á mynd 2.1. Gert er ráð fyrir að efnistakan verði unnin á sambærilegan hátt og verið hefur og að frágangur svæðisins verði í samræmi við þann frágang sem áður hefur verið ráðist í vegna fyrri efnistöku, þ.e. sléttað úr ónýttum haugum og reynt að fylla í gryfjur eða slétta barma þeirra til að minnka rof og auka líkur á að gróður nái að festa rætur.

### 2.3.2 Aðrir valkostir

Ekki er gert ráð fyrir öðrum valkostum. Ekki er vitað til þess að efnisnáma af slíkum gæðum sé opin á öðrum jafn aðgengilegum stað nálægt þéttbýlinu á Egilsstöðum og miðsvæðis á Austurlandi. Allir innviðir eru til staðar og svæðinu hefur áður verið raskað. Ekki er neinn ávinningur af því að vinna minna efnismagn, það myndi ekki hlífa neinum náttúruminjum og mundi flýta fyrir því að hefja þyrfti efnistöku annars staðar á nýjum stað.

Í skýrslu Vegagerðarinnar *Úttektir á klæðingum á Suður- og Austurlandi í maí 2020*, gefin út í júní 2020, segir eftirfarandi á bls. 17 [1]:

*Klæðingarnar frá árinu 2019 sem metnar voru um vorið 2020 og fjallað er um hér að framan eiga það sammerkt að vera með steinefni frá námunni Litla Bakka við Jökulsá á Brú, ýmist 11/16 mm eða 8/11 mm að stærð. Þær eru allar að mestu leyti í fínu lagi, fyrir utan mismikið skrap vegna vetrarviðhalds, en hvergi mjög mikið. Það má að öllum líkindum halda því fram að steinefnið frá Litla Bakka sé nægilega gott og slitsterkt til að þola þá vetrarumferð sem er á þessu svæði. Huðsanlega getur það borgað sig til lengri tíma litið að flytja það um umtalsverðar vegalengdir til staða, þar sem hörqull er á góðu og slitsterku steinefni.*

Framkvæmdaraðili umhverfismatsins er landeigandi, og er í raun efnissali. Samið er við verktaka um efnistöku og sjá verktakar sjálfir um að sækja og vinna efnið. Landeigandi hefur enga aðra möguleika á efnistöku annarsstaðar innan sinnar jarðar.

### 2.3.3 Núllkostur

Núllkostur er að endurnýja ekki framkvæmdaleyfi og loka námunni þegar núverandi framkvæmdaleyfi hefur verið fullnýtt.

Með áframhaldandi vinnslu efnis úr Litlabakkanámu er komið í veg fyrir að hefja þurfi efnistöku á nýjum stað. Stuðlað er að því að tryggja efni á sanngjörnu verði sem unnið er úr námu með tilskilin leyfi þar sem efnistöku er hagað á þann hátt að sem minnst áhrif verði á umhverfið. Með vinnslu efnis úr áreyrum Jökulsár á Dal er m.a. stuðlað að því að tryggja steinefni í vegaklæðingar sem er fyrsta flokks, m.t.t. hvort heldur sem litið er til slitpols eða styrks. Jafnframt eru gæði efnis úr áreyrunum til íblöndunar í steinsteypu vel þekkt og vottuð. Stöðvun efnistöku úr Litlabakkanámu mun leiða til efnistöku úr öðrum námum, líklega lengra í burtu sem fylgir aukinn flutningur. Það mun leiða til styttingar á endingartíma annarra náma, námuvinnslu á nýjum stöðum sem og stærra kolefnisspors vegna aukins aksturs flutningabíla með tilheyrandi sliti vega og aukinnar almennrar umferðar. Ef ekki verður af fyrirhugaðri framkvæmda þarf að finna annan efnistökuastað sem getur annað eftirspurn eftir efni. Þyrfti því að öllum líkindum að finna stað sem ekki hefur áður verið nýttur undir sambærilega starfsemi til þess að nýta og koma upp aðstöðu fyrir efnistöku og vinnslu.

## 3 FRAMKVÆMDASVÆÐI OG SKIPULAGSÁÆTLANIR

### 3.1 Staðsetning og staðhættir

Efnistökusvæðið er í sveitarfélaginu Múlaþingi í landi Litlabakka í Hróarstungu. Svæðið er í árfarvegi Jökulsár á Dal. Fyrir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar rann jökulvatn um farveginn allt árið en við stíflun jökulárinnar breyttist áin að mestu í dragá utan yfirfallstíma Háslóns. Árvatnið á uppruna í hliðarám og lækjum á vatnasviðinu sem er hið stærsta á Íslandi. Á þeim tíma sem liðinn er frá stíflun við Kárahnjúka hefur áin grafið sig niður í malareyrarnar og er að marka sér framtíðarfarveg að vestanverðu á áreyrunum. Hluta úr ári, síðsumars og fram á haust, þegar vatnsborð Háslóns nær yfirfallshæð, rennur þó jökulvatn um árfarveginn, fyllir hann og fellur þá einnig vatn að hluta í litla kvísl sem fer um fyrirhugað efnistökusvæði. Af þeim sökum eru umræddar eyrar nær gróðurlausar. Hluti af áreyrunum er partur af landgræðsluverkefni sem stundað er víða á áreyrum Jökulsár á Dal sem mótvægisáðgerð vegna virkjunarframkvæmda við Kárahnjúka, sá hluti eyranna hefur aðeins byrjað að græðast upp. Nýgræðingurinn á þó erfitt uppdráttar sökum yfirfalls sem kemur nær árlega og veitir jökulvatni um nokkurra mánaða skeið yfir þann hluta landgræðslusvæðisins sem liggur lægst (merkt A á mynd 3.2) en það er sá hluti sem er innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Meira gróin eyri er nær árbakkanum og norðar en núverandi efnistökusvæði (merkt B á mynd 3.2). Hún stendur hærra og á henni hefur myndast þunnur jarðvegur á síðustu árum, en efnistaka fór fram þar á 9. áratugnum þegar áin leyfði. Þar hefur uppgræðsluverkefnið náð að mynda aðeins þéttari gróðurhulu. Mest er um lággróður eins og grastegundir en einnig finnast dæmi um sjálfsáðar birki- og víðiplöntur. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru eyrarnar flokkaðar sem *eyrarvist*. Undir *eyrarvist* flokkast blautar og þurrar áreyrar þar sem yfirborð er hallalítið og fremur slétt en óstöðugt vegna framburðar og ágangs vatns og er verndargildi lágt.

Efnistökusvæðið er syðst í landi Litlabakka, um 2 km frá býlinu, þar sem efnistaka hefur farið fram um áratugaskeið eða allt frá 1980. Fyrir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar flutti áin nýtt efni í malareyrarnar jafnóðum og af var tekið í vatnavöxtum en þeir náttúrulegu efnisflutningar eru minni eftir virkjun og nánast engir nema þegar koma flóð í ána.

Vegur liggur um 400 m að efnistökusvæðinu frá vegi nr. 925 meðfram landamerkjaskurði við næstu jörð fyrir sunnan.





**MYND 3.1** Horft yfir fyrirhugað efnistökusvæðis sem er afmarkað með blárrí punktalínu. Núverandi efnistökusvæði sést niðri til hægri. Kvíslin fyrir miðri mynd er þurr stærstan hluta ársins en í vorflóðum og þegar Kárahnjúkastífla fer á yfirfall rennur um hana vatn. Ljósmynd: Skúli Björn.



**MYND 3.2** Gróðurþekjan á þeim hlutum efnistökusvæðisins sem hér eru merktir sem A og B er ólík. Á A-hlutanum hefur sáðgresi uppgræðsluverkefni Landsvirkjunar náð lítilli rótfestu sökum árlegs yfirfalls sem kaffærir og ryður burtu nýgræðingi. B-hlutinn er eldri eyri þar sem fram fór efnistaka á árunum 1980-1990. Hún er að nokkru leyti gróin og myndast hefur þunnur jarðvegur ofan á mölinni sem lágróður hefur náð rótfestu í og dæmi eru um að víðir og birki hafi sáð sér þarna. Ljósmynd: Skúli Björn.

## 3.2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir


### 3.2.1 Svæðisskipulag

Efnistökusvæðið var skilgreint sem náma inni á Svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998 - 2010. Svæðisskipulagið var fellt niður árið 2009 þegar aðalskipulag Fljótsdalshéraðs tók við af því.

### 3.2.2 Aðalskipulag

Efnistökusvæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 og merkt sem E54. Í aðalskipulaginu, kafla 9.10 Efnistökusvæði, segir að afa skuli framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku á skilgreindum stöðum en ekki sé krafist deiliskipulags.

Ekki er krafist deiliskipulags fyrir efnistökusvæði en með umsókn um framkvæmdaleyfi skulu fylgja ítarleg gögn um stærð og staðsetningu efnistökusvæðisins, fyrirkomulag efnisvinnslu og frágang að vinnslu lokinni. Stærð svæðanna er ekki tiltekin í aðalskipulagi en tiltaka ber í framkvæmdaleyfisumsókn það umfang efnistöku sem fyrirsjáanlegt er a.m.k. til næstu tveggja ára. Að þeim tíma liðnum, þarf að endurnýja framkvæmdaleyfi sé efnisvinnslu haldið áfram.



MYND 3.3 Mynd úr aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs. Litlabakkanáma auðkennd sem E54.

### 3.2.3 Deiliskipulag

Deiliskipulag hefur ekki verið unnið fyrir viðkomandi efnistökusvæði. Fram til þessa hefur verið sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélags með ítarlegum fylgigögnum, um stærð og staðsetningu efnistökusvæðisins, fyrirkomulag efnisvinnslu og frágang að vinnslu lokinni, eins og aðalskipulag kveður á um.

## 3.3 Eignarhald

Jörðin Litlibakki (landnúmer 157166) er í eigu Svandísar Skúladóttur (291238-2039) og hefur verið í eigu sömu ættar í hartnær 200 ár. Svandís er jafnframt skráð ábúandi á jörðinni en á henni er rekinn sauðfjárbúskapur. Landeigandi hefur ætíð gert tímabundna samninga við verktaka um efnistöku á svæðinu á grundvelli framkvæmdaleyfis frá sveitarstjórn.



### **3.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð**

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

Sveitarfélagið Múlaþing: Efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Fiskistofa: Sækja þarf um leyfi Fiskistofu fyrir framkvæmdum í næsta nágrenni við ár og vötn.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands: Starfsleyfi vegna starfseminnar (vinnslu jarðefna) er á ábyrgð þeirra verktaka sem samið er við um efnistöku hverju sinni. Landeigandi hefur aldrei sjálfur haft starfsleyfi.

Minjastofnun Íslands: Finnist fornminjar við framkvæmdina eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum á svæðinu þarf til samþykki Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

## 4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

### 4.1 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 106/2000 og er matinu ætlað að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmda séu innan ásættanlegra marka. Markmið laganna eru:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- a. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- b. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- c. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

### 4.2 Framkvæmdaþættir sem hafa áhrif á umhverfið

Hér verður fjallað lauslega um helstu þætti framkvæmdarinnar sem geta valdið umhverfisáhrifum.

#### 4.2.1 Jarðrask af völdum efnistöku

Beint rask verður á því svæði sem fyrirhugað er að nýta til efnisstöku. Við efnisnám eru jarðefnin numin á brott af áreyrum Jökulsár á Dal án þess að áin nái að endurnýja svæðið af mól.

#### 4.2.2 Verkbættir á framkvæmdatíma og umferð á rekstrartíma

Á rekstrartíma er notast við tækjabúnað og vinnuvélar við efnisvinnslu. Að auki getur umferð samhliða starfseminni falið í sér áhrif á umferðaröryggi.

#### 4.3 Afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdar

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er það svæði sem ætla má að áhrifa af völdum framkvæmdarinnar gæti, bæði á framkvæmdatíma og á rekstrartíma:

- Bein áhrif á umhverfið: Við afmörkun áhrifasvæðis vegna beinna áhrifa af völdum jarðraskis á gróðurfar og jarðmyndanir er miðað við 50 metra svæði út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði.
- Áhrif á landslag/sjónræna þætti og áhrif á framkvæmdatíma: Áhrifa gættir út fyrir hið beina áhrifasvæðið. Annars vegar er um að ræða áhrif frá umferð til og frá námu og hins vegar sjónræn áhrif, en efnistökusvæðið er sýnilegt af svæði sem er stærra heldur en beina áhrifasvæðið.

#### 4.4 Umhverfisþættir sem fjallað verður um í frummatsskýrslu

##### 4.4.1 Almennt

Við mat á umhverfisáhrifum er stuðst við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum [1] og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa [2]. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er litið til viðmiða s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðasamninga.

Ein af megináherslum við gerð matsáætlunar er að greina hvaða umhverfisþættir eru líklegir til að verða fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum og hverjir ekki. Þeir þættir sem eru taldir verða fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum eru svo metnir nánar og niðurstöður þess mats birtar í frummatsskýrslu. Við ákvörðun um hvaða þætti er talin ástæða til að athuga voru fyrirbyggjandi gögn skoðuð og byggt var á reynslu fyrri efnistöku ásamt því að tekið var mið af kröfum í lögum og reglugerðum.

Þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum eru eftirfarandi:

- Gróður
- Fuglalíf
- Vatnalíf
- Jarðmyndanir
- Landslag og ásjúnd

Fjallað er nánar um þessa þætti í köflum 4.4.2 til 4.4.5.


Ekki verður sérstök umfjöllun um eftirfarandi umhverfisþætti sem ólíklegt er að verði fyrir umtalsverðum áhrifum af efnistökkunni.

- Hljóðvist
- Loftgæði
- Vatnsvernd
- Fornleifar
- Útivist og ferðamennska

Engin byggð er í grennd við efnistökusvæðið og áhrif á hljóðvist því engin nema vegna umferðar eftir vegum við efnisflutninga. Hið sama gildir um loftgæði. Fornleifar eru engar í síbreytilegum áreyrunum og ekki heldur á grónum bökkum ofan við eyrarnar, skv. fornleifakönnun sem framkvæmd var af Fornleifastofnun Íslands vegna umhverfismats Kárahnjúkavirkjunar. Fornleifar voru kannaðar meðfram allri Jökulsá á Dal og alls fundust þrjár fornleifar í landi Litlabakka, þær eru þó allar fjarri efnistökusvæðinu [5]. Engin skipulögð útivistarsvæði eru í grennd við efnistökkuna þó að stundum sé riðið á hestum eftir gamla veginum sem liggur út Bakkana ofan við svæðið. Efnistökusvæðið er jafnframt ekki sýnilegt frá neinum merktum veiðistöðum í Jöklu.

#### 4.4.2 Gróður

Fyrirhugað efnistökusvæði er á lítt grónum áreyrum Jökulsár á Dal. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru eyrarnar flokkaðar sem *eyrarvist*. Undir *eyrarvist* flokkast blautar og þurrar áreyrar þar sem yfirborð er hallalítið og fremur slétt en óstöðugt vegna framburðar og ágangs vatns og er verndargildi lágt. Sá litli gróður sem er á svæðinu er af manna völdum og nýtilkominn vegna uppgræðslu sem mótvægisáðgerð vegna virkjunarframkvæmda við Kárahnjúka



**MYND 4.1** Eyrarnar við Litlabakka (svartur hringur) hafa gróið upp þökk sé uppgræðsluverkefni eftir Kárahnjúkavirkjun. Mynd: Áfangaskýrsla Landbótasjóðs Norður Héraðs 2019.

Af þessum sökum verður ekki gerð sérstök úttekt á gróðurfari efnistökusvæðisins en stuðst við fyrirliggjandi gögn, s.s. vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar og gögn úr umhverfismati Kárahnjúkavirkjunar og eftirfylgniverkefnum tengd Kárahnjúkavirkjun.

Umhverfismatinu er ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvar er gróður á svæðinu og í hve miklum mæli?
- Hvaða gróðurtegundir eru á svæðinu?
- Hvaða áhrif mun efnistakan hafa á gróður á svæðinu?

#### 4.4.3 Fuglalíf

Fuglalíf á áreyrum Jökulsár á Dal er lítið og fáar tegundir sem verpa á berangri eyranna. Fuglalíf á og við efnistökusvæðið verður þó kannað sumarið 2021 og greint frá niðurstöðu í frummatsskýrslu. Einnig verður byggt á fyrirliggjandi gögnum, t.d. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar og gögnum úr umhverfismati vegna Kárahnjúkavirkjunar. Umhverfismatinu er ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða fuglategundir eru, eða eru líklegar, til að vera á framkvæmdasvæðinu og verða fyrir áhrifum?
- Í hverju eru þau áhrif fólgin og hversu alvarleg eru áhrifin?

#### 4.4.4 Fiskistofnar og lífríki ár

Fyrirhuguð efnistaka er utan við meginfarveg árinna eins og hún rennur eftir virkjun við Kárahnjúka. Því er ólíklegt að hún hafi neikvæð áhrif á fiskistofna eða annað lífríki í ánni. Af þeim sökum verður ekki gerð sérstök úttekt á þessu en stuðst við fyrirliggjandi gögn, m.a. rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar og umsögn frá Náttúrustofu Austurlands vegna áframhaldandi efnistöku á svæðinu.

Veiðifélag Jöklu hefur gefið umsögn um efnistöku og gerir engar athugasemdir ef tryggt er að hún hafir ekki áhrif á farveg árinna, veiði- eða uppeldisstaði.

Umhverfismatinu er ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvernig er lífríki Jökulsár á Dal í nágrenni efnistökusvæðisins og hver eru möguleg áhrif efnistökkunnar á það lífríki?

#### 4.4.5 Jarðmyndanir

Jarðfræði námusvæðisins er vel þekkt eftir áratuga efnistöku. Gerð verður grein fyrir jarðfræði námunnar í frummatsskýrslu byggt á fyrirliggjandi gögnum og fjallað verður um áhrif efnistökkunnar, en jarðefni verður varanlega numið á brott.

Umhverfismatinu er ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða áhrif hefur fyrirhuguðu efnistaka á jarðmyndunina?

#### 4.4.6 Landslag og ásjón

Í frummatsskýrslu verður fjalla um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og áhrif á einkenni landslags. Áhrifa af efnistökkunni gæti nú þegar en gerð verður grein fyrir viðbótaráhrifum af vinnslu næstu árin og reynt að gera grein fyrir því hvernig svæðið mun líta út að frágangi loknum. Afar fámennt er í kringum efnistökusvæðið og það sést illa frá Hróarstunguvegi, stór hluti þess er í hvarfi. Því verður ekki farið í gerð líkanmynda en birtar verða ljósmyndir frá Hróarstunguvegi til að gefa hugmynd um hvað

vegfarendur munu sjá. Í umfjöllun um landslag verður birt kort sem sýnir útlínur rasksvæðis og fjallað verður um hvernig landslagið breytist innan rasksvæðis og hvaða áhrif það hefur á aðliggjandi landslag.

Umhverfismatinu er ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvar mun fólk verða vart við efnistökusvæðið?
- Hvernig mun landslagið á efnistökusvæðinu breytast?

## 5 KYNNING OG SAMRÁÐ

### 5.1 Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Almenningi og hagsmunaaðilum gafst tækifæri til að mynda sér skoðun á efnistökom komandi umhverfismats og koma athugasemdum á framfæri á frumstigum umhverfismats. Drög að tillögu að matsáætlun voru auglýst og birt til kynningar um rúmlega tveggja vikna skeið, frá 5. febrúar til og með 22. febrúar 2021. Á þessu tímabili gafst almenningi tækifæri til að koma með athugasemdir við tillöguna.

Engar athugasemdir bárust.

### 5.2 Kynning á tillögu að matsáætlun

Engar athugasemdir bárust við drögum að tillögu að matsáætlun. Tillagan verður því send til Skipulagsstofnunar. Þaðan verður tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar og þurfa svör þeirra að berast innan þess frests sem stofnunin veitir. Allir hafa rétt til að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Að kynningartíma loknum tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlunina með eða án athugasemda.

### 5.3 Kynning á frummatsskýrslu

Við gerð frummatsskýrslunnar verður haft samráð við leyfisveitendur, Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almenning í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Frummatsskýrslan verður kynnt almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma skýrslunnar. Frummatsskýrslan verður aðgengileg á heimasíðu EFLU ([www.efla.is](http://www.efla.is)) og á heimasíðu Skipulagsstofnunar ([www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)). Nánari upplýsingar um aðgang að skýrslunni verða auglýstar síðar í fjölmiðlum.

## 6 HEIMILDASKRÁ

- [1] Vegagerðin, „Úttektir á klæðingum á Suður- og Austurlandi í maí 2020,“ Vegagerðin, Reykjavík, 2020.
- [2] Vegagerðin, „Umferðartölur á korti,“ 29 janúar 2020. [Á neti]. Available: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdartolur-a-korti/>.
- [3] Auður Ýr Sveinsdóttir; Elín Smáradóttir; Hólmfríður Sigurðardóttir; o.fl., „Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum,“ Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2005.
- [4] Ásdís Hlökk Theodórsdóttir; Hólmfríður Sigurðardóttir; Jakob Gunnarsson; Pétur Ingi Haraldsson; Carine Chatenay, „Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa,“ Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2005.
- [5] Fornleifastofnun Íslands, „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka,“ Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 2001.